

Nafn:

Sjávarföll: Flóð og fjara

Þessar spurningar miða að því að efla skilning nemenda á **miðstigi grunnskóla** á sjávarföllum.

Öll svör er að finna í greininni *Sjávarföll: Flóð og fjara* á Stjórnufræðivefnum <http://www.stjornufrædi.is/solkerfid/jordin/sjavarfoll>

Hvað eru sjávarföll? Útskýrðu í stuttu máli.

Hvers vegna verða tvö flóð með rúmlega 12 klukkustunda millibili? Útskýrðu hvers vegna flóðbungurnar eru tvær og hvers vegna rúmar tólf stundir líða á milli þeirra.

Hvernig lítur tunglið út á himninum á stórstreymi? Hvernig raðast tunglið, Jörðin og sólin upp við stórstreymi? Teiknaðu myndir.

--	--

Tunglið á himninum við stórstreymi

Afstaða tungls, Jarðar og sólar við stórstreymi

Hvernig lítur tunglið út á himninum á smástreymi? Hvernig raðast tunglið, Jörðin og sólin upp við smástreymi? Teiknaðu myndir.

--	--

Tunglið á himninum við smástreymi

Afstaða tungls, Jarðar og sólar við smástreymi

Hvaða áhrif hefur veður á sjávarföll?

Hvers vegna hægja sjávarföll á snúningi Jarðar? Hvaða áhrif hefur það til framtíðar?

Hvers vegna fjarlægist tunglið Jörðina?

Hvers vegna er munur á flóði og fjöru meiri á Vesturlandi en Austurlandi? Er mikill munur á flóði og fjöru þar sem þú býrð?

Hvernig er hægt að virkja orku sjávarfalla? Hvar við Ísland eru góðir staðir til að virkja sjávarföll?

Nefndu dæmi um áhrif flóðkrafta innan sólkerfisins og utan þess.

Ef flóð er í Reykjavík klukkan 7 árdegis, klukkan hvað verður flóð síðdegis (um það bil)?

Ef flóð er í Reykjavík klukkan 7 árdegis, klukkan hvað verður fjara (um það bil)?
